



# Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.  
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 43 119. ár

13. mars 2026

Útgáfud.: 12. mars 2026

## Auglýsing frá eftirlitsnefnd fasteignasala

Hinn 6. mars 2026 tilkynnti eftirlitsnefnd fasteignasala sýslumanninum á Norðurlandi eystra um missi skilyrða Inga Þórs Ingólfssonar, kt. 040973-4439, til löggildingar fasteignasala með vísan til b-liðar 1. mgr. 3. gr. laga um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015. Telst löggilding hans því sjálfkrafa fallin niður, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna.

Auglýsing þessi er birt með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 70/2015.

Reykjavík, 11. mars 2026  
f.h. eftirlitsnefndar fasteignasala,  
**Þórður Bogason formaður.**  
20260312012A

Útgáfud.: 12. mars 2026

## KGB slf.

Nafn: KGB slf.

Kennitala: 450326-1780

Heimilisfang: Undralandi 10, Reykjavík

Dagsetning samnings: 10.1.2026

Félagsmenn:

Baldur Einarsson, kt. 100853-3969, Undralandi 10, 108 Reykjavík, ábyrgðaraðili

Kjartan Baldursson, kt. 151182-4619, Undralandi 10, 108 Reykjavík, samlagsaðili

Prókúruumboð:

Baldur Einarsson, kt. 100853-3969, Undralandi 10, Reykjavík

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Tilgangur félagsins er alhliða ræstingarþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

81.21.0 Almenn þrif bygginga

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 5. mars 2026

**Firmaskrá**

20260312004A

Útgáfud.: 12. mars 2026

**Transpose slf.**

*Nafn:* Transpose slf.

*Kennitala:* 450326-1430

*Heimilisfang:* Lerkidal 3, Reykjanesbær

*Dagsetning samnings:* 1.1.2026

*Stjórn:*

Atli Gylfason, kt. 130678-5219, Lerkidal 3, Reykjanesbæ, *stjórnarmaður*

Kristján Ragnar Ásgeirsson, kt. 161177-2969, Hlíðarvegi 51, 625 Ólafsfirði, *varamaður*

*Félagsmenn:*

Atli Gylfason, kt. 130678-5219, Lerkidal 3, 260 Reykjanesbæ, *ábyrgðaraðili*

Kristján Ragnar Ásgeirsson, kt. 161177-2969, Hlíðarvegi 51, 625 Ólafsfirði, *samlagsaðili*

*Framkvæmdastjórn:*

Atli Gylfason, kt. 130678-5219, Lerkidal 3, 260 Reykjanesbæ

*Prókúruumboð:*

Atli Gylfason, kt. 130678-5219, Lerkidal 3, 260 Reykjanesbæ

*Endurskoðendur/skoðunarmenn:*

Jóna Fanney Kristjánsdóttir, kt. 200365-4619, Furuhlíð 33, 221 Hafnarfirði, *skoðunarmaður*

*Firmað rita:* Ábyrgðaraðili

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er akstur leigubifreiða, farþegaflutningar og önnur verktakaþjónusta, ásamt innflutningi, heildsala, smásala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

*Skattaðild:* Sjálfstæður skattaðili

*Ísat flokkun:*

49.32.0 Rekstur leigubíla

*Rekstrarform:* Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 5. mars 2026

**Firmaskrá**

20260312006A

Útgáfud.: 12. mars 2026

**Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-43/2026****Fyrirkall:**

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-43/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórnin á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Cai Xiao Hong, kt. 231178-2445, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 15. apríl 2026 kl. 9.20.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 2. mars 2026.

**Sóley Ólöf Rún Guðmarsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 2. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Cai Xiao Hong, fæðingadagur: 23.11.1978, ríkisfang: Kína, fyrir skjalafals og misnotkun skjals með því að hafa sunnudaginn 24. ágúst 2025, við innritun í innritunarsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, framvísað í blekkingarskyni, sem sínu vegabréfi, við starfsmann Airport Associates vegabréfi frá Taívan nr. 351756632 á nafni Jun-An Zeng, fd. 24.08.1978, með gildistíma frá 18.02.2019 til 18.02.2029, með grunnfölsuðum komustimpli dags. 13.07.2025 merktum flugvellinum í Varsjá í Póllandi.

Telst þessi háttsemi ákærða varða 1. mgr. 155. og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 10. mars 2026

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

20260312001A

Útgáfud.: 12. mars 2026

## Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-42/2026

#### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-42/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Lin Wenlian, kt. 081082-2945, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 15. apríl 2026 kl. 9.10.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 2. mars 2026.

**Sóley Ólöf Rún Guðmarsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 2. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Lin Wenlian, fæðingadagur: 08.10.1982, ríkisfang: Kína, fyrir skjalafals og misnotkun skjals með því að hafa sunnudaginn 24. ágúst 2025, í brottfararsal í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, framvísað í blekkingarskyni, sem sínu vegabréfi, við lögreglu og landamæravörð vegabréfi frá Taívan nr. 368157866 á nafni Tien-Fu Huang, fd. 18.04.1993, með gildistíma frá 17.03.2025 til 17.03.2035, með grunnfölsuðum komustimpli dags. 13.07.2025 merktum flugvellinum í Varsjá í Póllandi.

Telst þessi háttsemi ákærða varða 1. mgr. 155. og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 10. mars 2026

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.  
20260312002A

Útgáfud.: 12. mars 2026

## Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-41/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-41/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson, aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Chen Jianping, kt. 191087-4025, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 15. apríl 2026 kl. 9.00.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 2. mars 2026.

**Sóley Ólöf Rún Guðmarsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 2. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Chen Jianping, fæðingadagur: 19.01.1987, ríkisfang: Kína, fyrir skjalfals með því að hafa mánudaginn 25. ágúst 2025 framvísað í blekkingarskyni sem sínu vegabréfi við starfsmann Icelandair við þjónustuborð D-svæðis flugstöðvar Leifs Eiríkssonar breytifölsuðu vegabréfi frá Japan nr. TT8014118 á nafni Masatoshi Ueki, fd. 19.10.1987, með gildistíma 07.02.2023-07.02.2033.

Telst þessi háttsemi ákærða varða 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 10. mars 2026

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

20260312003A

Útgáfud.: 12. mars 2026

## Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-83/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-83/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson, aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Qin Huang, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 14. apríl 2026 kl. 11.40.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði

lagður á málið að honum fjarstöddum.  
Birthingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 11. mars 2026.

**Erna Björt Árnadóttir** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 11. mars 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Qin Huang, fæðingadagur: 22.03.1975, ríkisfang: Kína, fyrir skjalafals og misnotkun skjals með því að hafa miðvikudaginn 27. ágúst 2025, við landamærahlíð í brottfararsal í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, framvísað í blekkingarskyni, sem sínu vegabréfi, við landamæravörð vegabréfi frá Taívan nr. 361239509 á nafni Wan-Ting Wei, fd. 12.04.1979, með gildistíma frá 10.01.2023 til 10.01.2033, með grunnfölsuðum komustimpli dags. 13.07.2025 merktum flugvellinum í Varsjá í Póllandi.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða 1. mgr. 155. og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 11. mars 2026

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

20260312011A

Útgáfud.: 12. mars 2026

#### Skiptalok - Þb. Mælingar og ráðgjafar ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 24. janúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. febrúar 2026 samkvæmt 2. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

#### Nafn bús:

Mælingar og ráðgjöf ehf.,  
kt. 550600-3310,  
Dalbrún 10, Egilsstöðum

#### Lýstar kröfur:

kr. 7.890.330

Eskifirði, 5. mars 2026

**Gísli M. Auðbergsson hrl.**

20260312005A

Útgáfud.: 12. mars 2026

#### Skiptalok - SW verks ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. september 2025 var ofangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 4. mars 2026.

Upp í forgangskröfur greiddust kr. 846.899, eða sem nemur 47%.

**Nafn bús:**

SW verks ehf.,  
kt. 501016-0470

**Lýstar kröfur:**

kr. 75.265.325

Reykjavík, 4. mars 2026  
**Sigurgeir Valsson lögmaður.**  
20260312009A

Útgáfud.: 12. mars 2026

**Auglýsing um skipulag - Reykjavík**

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Laufásvegur 19 og 21-23 og Þingholtsstræti 34 - USK25120032.*

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. febrúar 2026 og borgarráðs Reykjavíkur þann 5. mars 2026 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laufásvegur 19 og 21-23 og Þingholtsstrætis 34. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilað verður niðurrif áður byggðra viðbygginga á lóð auk niðurrif veggjar á lóðarmörkum við Þingholtsstræti. Byggingarreitur fyrir nýbyggingu við Þingholtsstræti er skilgreindur og heimilt verður að byggja inndregna þakhæð á hús að Laufásveg. Við breytinguna eykst nýtingarfall lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til kynningar í Skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál, sjá skipulagsgatt.is, frá 12. mars 2026 til og með 29. apríl 2026. Eru þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvött til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en **29. apríl 2026**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

Reykjavík, 12. mars 2026  
**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.**  
20260312007A

Útgáfud.: 12. mars 2026

**Auglýsing um skipulag - Grímsnes- og Grafningshreppur**

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

*1. Írafossvirkjun; Selfosslína 1 - endurnýjun og lagning jarðstrengs; Tenging við Írafossvirkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2601055.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. mars að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta með því að tengja hana inn á Írafossstöð í stað Ljósafossstöðvar. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um 2 km leið frá Írafossstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni, á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) og á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](http://Skipulagsstofnunar.skipulagsgatt.is/).

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagslýsing í kynningu frá 12. mars 2026 með athugasemdafresti til og með 3. apríl 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

10. mars 2026

**Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita**  
20260312008A

Útgáfud.: 12. mars 2026

## Auglýsing um skipulag - Sveitafélagið Ölfuss

Eftirtaldir skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

### *Árbær 4 - Dýraspítali og verslunarlóðir - Nýtt deiliskipulag.*

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir dýraspítala og aðra verslunar- og þjónustustarfsemi á Árbæjarsvæðinu við Selfoss. Helstu markmið deiliskipulags er að skapa bætta þjónustu í kringum nýjan dýraspítala og eins að koma til móts við þarfir atvinnulífs með uppbyggingu atvinnusvæða í nálægð við dreifbýlið í kringum Selfoss. Um er að ræða 10 lóðir sem eru hver um 0,5 ha. að stærð en lóð dýraspítalans verður 3 ha.

*Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.*

### *Mýrarsel 9 - Nýtt deiliskipulag.*

Lagt er fram deiliskipulag fyrir 5 íbúðalóðir á Mýrarseli 9. Hver lóð yrði um 0,53 ha að stærð. Á hverri lóð yrði heimilt að reisa einbýlishús ásamt stakstæðum eða sambyggðum bílskúr og 80 m<sup>2</sup> vinnustofu/gróðurhús.

*Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.*

### *Tvær námur í Lambafelli E2 og E3 - Deiliskipulagslýsing.*

Lögð er fram skipulagslýsing vegna efnisnáma E2 og E3 í Lambafelli.

*Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.*

### *Framkvæmdaleyfi - Breikkanir vegamóta vegna vindmylluflutninga.*

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi til breikkunar tiltekinna vegamóta á þjóðvegum. Breikkanirnar eru gerðar til að mæta væntalegum vindmylluflutningum í gegnum Sveitarfélagið Ölfus á vor og sumarmánuðum 2026.

*Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.*

### *Framkvæmdaleyfi - Lághitaborhola í landi Bakka.*

Veitur leggja fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna borunar lághitaborholu í landi Bakka. Borholunni er ætlað að mæta aukinni eftirspurn eftir heitu vatni til Þorlákshafnar. Matsskyldufyrirspurn er í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun en umsagnarfræstur er til 23. febrúar 2026.

*Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026 með fyrirvara um að framkvæmdin væri ekki metin umhverfismatsskyld eða matsskyldufyrirspurn leiði annað í ljós sem mæli sérstaklega gegn framkvæmdinni. Framkvæmdaraðili skal ráðfæra sig við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins áður en framkvæmd hefst.*

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) til og með **23.04.2026**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á [skipulag@olfus.is](mailto:skipulag@olfus.is) eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

Þorlákshöfn, 10. mars 2026  
f.h. sveitarstjórnar Ölfuss,  
**Sigurður Steinar Ásgeirsson.**  
20260312010A

---

Lögbirtingablað,  
43. tölublað 2026.

---

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi  
**Kristín Þórðardóttir**

---

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.